



Grenndarstöð í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kæru stjórnir frístundahúsafélaga,

Nú er sumarið að hefjast með sól í heiði og meiri flokkun.

Grenndarstöðvar

Í dag ber að fagna en við höfum opnað grenndarstöðvarnar okkar sem hafa verið í vinnslu í u.þ.b. ár og erum við bara mjög sátt við útkomuna og vonum að þið séuð það líka 😊

Grenndarstöðvarnar eru klárar á 4 stöðum í sveitarfélaginu:

Hjá Skátunum á Úlfjótuvatni – Til móts við bæinn Ásgarð – í Hraunborgum – Við Vaðnesveg það eru einnig komnir upp gámar á Seyðishólum en verið er að finna stað til framtíðar á því svæði og er sú stöð því enn tengd gámasvæðinu.

Hér má sjá hvar grenndarstöðvarnar eru staðsettar:



Í viðhengi má finna upplýsingar um hvað má fara í gámana á grenndarstöðunum.

Á hverri grenndarstöð er hægt að henda eftirtöldum flokkum:

Plast - pappa - málmum - gleri - lífrænum úrgangi - almennu heimilisorpi - skilaskildum umbúðum.

Annað skal fara með á Gámastöðina Seyðishólum.



Við viljum hér með biðla til ykkar um að halda áfram að ganga vel um svæðið í kringum gámana.

Jafnframt viljum við biðja ykkur um að hjálpa okkur í að halda svæðinu þannig. Það gerið þið með því að láta okkur vita ef verið er að henda timbri, grófum úrgangi, heimilistækjum og/eða öðrum úrgangi sem á svo sannarlega ekki heima á grenndarstöðvunum.

Best væri að fá mynd bæði af úrganginum og helst bílnúmerinu hjá þeim sem er að henda úrganginum og við munum svo fylgja því eftir.

Vinsamlega sendið slíkar upplýsingar á steinar@gogg.is

Lífræna tunnan

Til þess að hjálpa fólki að komast af stað í flokkun á lífrænum úrgangi hefur sveitarfélagið svo, eins og áður hefur komið fram í öðrum tölvupósti,

ákveðið að gefa öllum frístundahúsaegendum sérstök söfnunarílát fyrir úrganginn.

Um er að ræða græna 8 lítra körfu með loki sem hentar einstaklega vel að geyma í eldhúsinu.

Með körfunum mun svo fylgja ein rúlla af maíspokum, en lífræna úrganginn má einungis setja í

jarðgeranlega poka úr maís eða pappa.

Pokar eins og þeir sem fylgja með körfunni munu svo koma til með að fást í Versluninni Borg á

góðum kjörum.

Hægt er að nálgast körfurnar á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma milli 9:00 og 15:00 alla virka daga.

Molta

Nú býðst öllum garðeigendum í Grímsnes- og Grafningshreppi að nálgast moltu á gámasvæðinu Seyðishólum þeim að kostnaðarlausu.

Eina sem þarf að gera er að mæta á svæðið á opnunartíma með ílát eða kerru og skóflu og ná sér í moltu.

-Moltan er blanda af þeim lífræna úrgangi sem Gámaþjónustan safnar hjá íbúum, fyrirtækjum og

stofnunum, hrossataði og trjáúrgangi með búið er að fara í gegnum hitameðferð.

-Moltan þykir kraftmikill jarðvegsbætir sem gott er að blanda annarri mold í hlutföllunum 1/3 (1 hluti

molta 2 hlutar mold) eða dreifa yfir beð og grasflatir í þunnu lagi.

-Moltan er afrakstur innlendrar endurvinnslu.



Facebook síða – Gámastöðin Seyðishólar

Á facebook síðunni: [Gámastöðin Seyðishólum](#) má finna ýmsa hagnýta og fróðlega punkta um flokkun.

Breyttur opnunartími gámastöðvarinnar Seyðishólum

Frá 1. júní 2020 breytist opnunartími Gámastöðvarinnar Seyðishólum um helgar.

Laugardaga opið frá kl. 10:00 – 16:00

Sunnudaga: Lokað

Læst hlið og símahlið

Enn er nokkuð um það að þjónustuaðilar á vegum sveitarfélagsins hafi ekki aðgang að hliðum inn í sumarhúsahverfi, hvort sem það eru símahlið eða lykklahlið.

Við viljum því beina þeim tilmælum til félaganna að til þess að hægt sé að þjónusta þau hverfi þurfa tilteknir aðilar að hafa aðgang að þeim, en nánari upplýsingar um það má nálgast [hér](#) á heimasíðu sveitarfélagsins.

Heimasíða sveitarfélagsins

Heimasíða sveitarfélagsins hefur einmitt fengið nýtt útlit og er orðinn notendavænni, en þar má bæði nálgast fréttir úr sveitarfélaginu sem og upplýsingar um þjónustuaðila á svæðinu. Sérstaklega er vakin athygli á nýjum flipa á forsíðunni sem nefnist „**Eigendur frístundahúsa**“, en þar má finna ýmsar upplýsingar sem viðkoma frístundahúsaeigendum, m.a. þau bréf sem send eru á stjórnir frístundahúsafélaganna.

Aðalfundir frístundahúsafélaga

Við viljum beina því til stjórna að upplýsa sveitarfélagið ef einhverjar breytingar verða á stjórnnum félaganna til að sveitarfélagið sé með réttar upplýsingar og geti komið upplýsingum og öðru á framfæri.

[Hér er eyðublað](#) sem auðvelt er að fylla út eftir hvern aðalfund ef einhverjar breytingar verða.